

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 1253/2019 um stuðning við sauðfjárrækt.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. verður umsóknarfrestur vegna aðlögunarsamninga árið 2021 til 31. desember 2021.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum og búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2021.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. september 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra.

Elisabet Anna Jónsdóttir.